

Fundur skólaráðs Víðistaðaskóla

Mætt: Dagný Kristinsdóttir skólastjóri, Valgerður Júlíusdóttir aðstoðarskólastjóri, Sólveig Baldursdóttir og Sigurlaug Ómarsdóttir, fulltrúar starfsmanna. Brynja Ásdís Einarsdóttir fulltrúi foreldra. Kári Pálmason, Ingvar Steingrímsson og Tómar Heiðar Helgason fulltrúar nemenda.

Forföll boðuðu: Björn Páll Fálki Valsson og Ester Petrea Gunnarsdóttir

1. Skólanámskrá

- Valgerður aðstoðarskólastjóri kynnir skólanámskrá og starfsáætlun skólans.
 - Þetta eru ítarleg plögg en í þeim er öll starfsemi skólans tíunduð.
 - Aðalnámskrá hefur verið endurskoðuð og er að hefjast vinna með kennurum að fara í gegnum hana í hverri námsgrein fyrir sig. Þetta kallar á endurskoðun á hæfniviðmiðum, bekkjarnámskrám og fleiru.
 - Starfsáætlun er lögð fram til kynningar. Óskað er eftir því að hún sé send á fundarmeðlimi fyrir næsta fund, þar sem hún verður staðfest.
 - Skólanámskrá og starfsáætlun fara á heimasíðu skólans.
- Almenn umræða um þessi gögn. Kemur til afgreiðslu á næsta fundi skólaráðs.

2. Skóladagatal næsta skólaárs

Lagt fram til kynningar.

Vetrarfrí að hausti verður 20. og 21.október og að vori 19. og 20.febrúar. Skólinn á eftir að setja inn tvo starfsdaga. Kemur til staðfestingar á næsta fundi ráðsins.

3. Önnur mál

- Fulltrúar nemenda fóru yfir það hvernig þeir sjá skólastarfið. Þeir voru sammála um að söngleikurinn hefði hrist hópinn saman. Sú hugmynd kom fram að söngleikurinn gæti verið fyrr, t.d. á skólaárinu eða í 9.bekk.
- Eins var rætt um samskipti á milli árganga, þar sem mikil blöndun á sér stað í 8.bekk. Rætt um aukin samskipti okkar við þá skóla sem senda nemendur til okkar í 8.bekk, svo hópurinn hafi kynnst meira.
- Rætt um vímuefnafræðslu og sérstaklega í yngri árganga unglingadeildar. Fulltrúar lýstu yfir áhyggjum sínum af þróun mála. Stjórnendur upplýsa hvaða fræðsla er í boði. Stjórnendur taka þetta mál áfram innan skólans.
- Nemendur lýsa yfir ánægju sinni með opnun Hraunsins þegar frí eru.

Fundi slitið 8:59.

Fundarritari: Dagný Kristinsdóttir